

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2012

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tvo mánuði ársins 2012 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 2,2 ma.kr. en var jákvætt um 8,9 ma.kr. á sama tímabili 2011. Tekjur reyndust 9,2 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan að gjöldin jukust um 6,8 ma.kr. milli ára. Þetta er mun betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 7,5 ma.kr. Stór hluti af því fráviki skýrist með greiðsludreifingu útgjalda.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-febrúar 2012 (m.kr.)

	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Innheimtar tekjur	96.555	90.587	80.951	82.215	91.367
Greidd gjöld	60.274	80.450	87.447	78.997	85.761
Tekjujöfnuður	36.281	10.136	-6.496	3.218	5.606
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-1.302	1.917	9.923	5.670	-3.454
Handbært fé frá rekstri	34.979	12.053	3.427	8.888	2.152
Fjármunahreyfingar	-2.312	-2.279	-3.433	-1.705	-5.245
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	32.668	9.774	-6	7.183	-3.093
Afborganir lána	-808	-1.327	-3.105	-750	-1.246
Innanlands	-704	-1.327	-3.105	-750	-1.246
Erlendis	-104	0	-	-	-
Greiðslur til LSR og LH	-660	0	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	31.201	8.447	-3.111	6.433	-4.339
Lántökur	2.327	32.389	27.144	31.793	34.521
Innanlands	2.327	32.684	28.507	24.200	18.872
Erlendis	-	-295	-1.364	7.593	15.649
Breyting á handbæru fé	33.529	40.836	24.033	38.226	30.182

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 91,4 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er ríflega 11% aukning miðað við sama tímabil á síðasta ári og um 7,6% yfir tekjuáætlun fjárlaga 2012. Þó ber að hafa í huga að frávik frá áætlun geta verið umtalsverð og í einhverjum tilfellum ómarktæk á fyrstu mánuðum ársins. Frávik frá mánaðarlegri áætlun geta stafað af því að forsendur áætlunarinnar yfir lengra tímabil séu óraunhæfar eða því að dreifingin niður á mánuði sé önnur en áætlað var. Hið síðarnefnda getur einkum átt sér stað þegar uppgjörstímabil er lengra en einn mánuður, þegar gjalddagi og eindagi eru ekki í sama mánuði eða þegar óreglulegir liðir vega þungt. Reynslan er því sú að frávik frá áætlun eru mest í upphafi ársins og minnka eftir því sem líður á árið og gagnatímabilið lengist.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um rúmlega 13% á milli ára og námu alls 86,3 ma.kr. sem er 9,3% yfir áætlun. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 18,8 ma.kr. sem er 7,6% yfir áætlun og rúmum 20% meira en á sama tímabili síðasta árs. Samanlögð skil launagreiðenda á bæði tekjuskatti og útsvari jukust um rúm 17% á milli ára. Skattstofn tekjuskatts hefur því styrkst umtalsvert á undanförunum mánuðum jafnvel þótt hluta þessarar aukningar megi rekja til kjarasamninga sem tóku gildi síðasta sumar. Tekjuskattur lögaðila nam 4,7 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er verulega hærri fjárhæð en reiknað var með í tekjuáætlun. Innheimta tekjuskatts er tæpum 2 ma.kr. yfir áætlun en það mikla frávik má skýra með því að uppgjör vegna fyrri ára leiddu til mikilla viðbótargreiðslna. Fjármagnstekjuskattur skilaði 11,1 ma.kr. á tímabilinu sem er 3,7 ma.kr. undir áætlun.¹

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2009	2010	2011	2009	2010	2011
Skatttekjur og tryggingagjöld	75,165	76,105	86,346	-11.6	1.3	13.5
Skattar á tekjur og hagnað	33,404	35,904	34,621	-27.7	7.5	-3.6
Tekjuskattur einstaklinga	16,173	15,549	18,752	4.4	-3.9	20.6
Tekjuskattur lögaðila	1,495	2,653	4,730	-30.8	77.5	78.3
Skattur á fjármagnstekjur	15,737	17,703	11,139	-44.9	12.5	-37.1
Eignarskattar	676	755	2,660	-18.9	11.7	252.2
Skattar á vöru og þjónustu	30,487	27,687	36,217	0.9	-9.2	30.8
Virðisaukaskattur	21,395	17,798	24,336	-3.9	-16.8	36.7
Vörugjöld af ökutækjum	187	354	614	-6.8	89.0	73.4
Vörugjöld af bensíni	1,570	1,607	1,737	5.4	2.4	8.1
Skattar á olíu	923	973	979	17.8	5.5	0.6
Áfengisgjald og tóbaksgjald	2,165	2,131	2,382	16.9	-1.6	11.8
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	4,247	4,824	6,168	17.3	13.6	27.9
Tollar og aðflutningsgjöld	906	764	1,209	-15.5	-15.6	58.2
Aðrir skattar	713	669	700	66.9	-6.2	4.6
Tryggingagjöld	8,978	10,325	10,938	42.1	15.0	5.9
Fjárframlög	20	22	26	0.5	9.4	20.1
Aðrar tekjur	5,914	5,961	4,960	-2.7	0.8	-16.8
Sala eigna	190	73	36	.	.	.
Tekjur alls	81,289	82,161	91,367	-10.8	1.1	11.2


Tekjur af tryggingagjöldum námu 10,9 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er 0,9 ma.kr. yfir áætlun. Bakreiknaður launastofn í launamánuðum janúar og febrúar er um 12% hærri í ár sem er nokkru meiri vöxtur en reiknað var með við gerð tekjuáætlunar, og kemur þessi þróun einnig fram í endurskoðun spár Hagstofu í mars sl. um launaþróunina á árinu. Tekjur af eignarsköttum, að frátalinni sérstakri greiðslu lífeyrissjóðanna, voru í það heila á

¹ Ljóst er að frávik í tekjuskatti lögaðila og fjármagnstekjuskatti eru veruleg í þessum bráðabirgðatölum. Frávik frá áætlun eru þó ekki alltaf varanleg og þannig má gera ráð fyrir því að minni innheimta fjármagnstekjuskatts muni jafnframt hafa í för með sér minni endurgreiðslur undir lok ársins.

áætlun. Þannig voru auðlegðar- og erfðafjárskattur lítillega undir áætlun á meðan stimpilgjöld voru yfir. Sérstakt gjald á lífeyrissjóði, sem einnig er flokkað sem eignarskattur, skilaði 1,4 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Ekki hafði verið reiknað með þessari upphæð í tekjuáætlun 2012 heldur tekjuáætlun síðasta árs. Gjaldþagi greiðslunnar var í árslok 2011 en eindagi nokkrum vikum síðar.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu námu 36,2 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er rúmlega 16% eða 4,1 ma.kr. meira en áætlað var. Frávik frá áætlun skýrist aðallega af virðisaukaskatti því aðrir liðir óbeinna skatta voru samanlagt í takt við áætlanir. Ef litið er til fjögurra mánaða meðaltals nemur uppsöfnuð hækkun innheimtra tekna af sköttum á vöru og þjónustu árið 2012 14,9% umfram verðlagsbreytingar (sjá mynd).

Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára, m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattabreytingar hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Tekjur af virðisaukaskatti, sem er stærsti einstaki liður veltuskatta, jukust um rúmlega þriðjung á milli ára og námu alls 24,3 ma.kr. sem er 3,6 ma.kr. yfir áætlun. Frávik má rekja til mun meiri innheimtu í bæði janúar og febrúar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Fyrstu tölur fyrir nýliðinn marsmánuð benda reyndar til þess að þetta uppsafnaða frávik muni að einhverju leyti ganga til baka þar sem innheimtan í mars sýnist lægri en áætlað var. Viðbúið er að frávikin séu ekki varanleg og ekki til marks um meiri skattstofn en í forsendum áætlunarinnar. Þá var innheimta virðisaukaskatts verulega undir áætlun í mánuðunum á undan, þ.e. í nóvember og desember á síðasta ári, líkt og fjallað var um í afkomugreinargerð ársins 2011. Því er enn of snemmt að uppfæra áætlanir ársins í ljósi þessara gagna.

Aðrir veigamiklir liðir meðal óbeinna gjalda eru vörugjöld af ökutækjum, bensíni og olíu, áfengisgjöld, tóbaksgjöld og bifreiðagjöld. Af þessum liðum jukust vörugjöld af ökutækjum

mest á milli ára eða um rúmlega 70% enda hefur innflutningur bifreiða aukist verulega síðastliðin misseri. Vörugjöld af bensíni og olíu jukust lítillega á milli ára og námu samanlagt 2,7 ma.kr. sem er í takt við áætlanir. Þar af nema tekjur af olúgjaldi 1,0 ma.kr. og af bensíngjöldum 1,7 ma.kr.

Tekjur af tóbaksgjaldi námu 0,9 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er 6,2% samdráttur á milli ára og lítillega undir áætlun. Með hliðsjón af tölum um tóbakssölu sést að heildarskattstofn tóbaksgjalds hefur haldið áfram að dragast saman á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Tekjur af áfengisgjaldi námu 1,5 ma.kr. sem er 1,3% aukning á milli ára og um 0,2 ma.kr. yfir áætlun. Tölur um áfengissölu benda til þess að skattstofn áfengisgjalds hafi dregist lítillega saman það sem af er ári.

Greidd gjöld námu 85,8 ma.kr. og jukust um 6,8 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 8,6%. Greidd gjöld voru innan fjárheimilda tímabilsins um 6,4 ma.kr. eða 7%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs drógust saman um 2 ma.kr. milli ára en voru í jafnvægi við fjárheimildir ársins. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu voru svipuð og á síðasta ári en voru 1,2 ma.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála voru 2,7 ma.kr. innan fjárheimilda sem skýrist að mestu með greiðsludreifingu útgjalda. Útgjöldin voru hins vegar sambærileg við fyrra ár. Greiðslur vegna vaxtabóta voru 1,6 ma.kr. lægri en gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist með annarri greiðsludreifingu en gert hafði verið ráð fyrir. Þá voru greiðslur Atvinnuleysisstryggingasjóðs 1,1 ma.kr. lægri en gert hafði verið ráð fyrir og voru jafnframt 1,9 ma.kr. lægri en á sama tímabili 2011. Þetta skýrist með dreifingu greiðslna á tímabil og mun jafna sig út þegar líða fer á árið.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 1,2 ma.kr. milli ára en voru 1 ma.kr. innan áætlana. Útgjöld Landspítala jukust um 619 m.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til Sjúkratrygginga aukast um 186 m.kr. á milli ára en eru 483 m.kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld til öldrunarheimila voru 443 m.kr. hærri en á sama tímabili 2011 en eru í jafnvægi við áætlanir. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust milli ára um 933 m.kr. en voru 1,3 ma.kr. innan heimilda. Áætlanir höfðu gert ráð fyrir að útgjöld vegna ýmissa framkvæmdaliða t.d. Vegagerðarinnar yrðu meiri á fyrstu mánuðum ársins en raunin varð. Útgjöld til menntamála voru 2,3 ma.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra en 735 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að mestu með útgjöldum Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem jukust um tæpa 2 ma.kr. milli ára. Útgjöld til menningar-, íþrótt- og trúmála voru 209 m.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra og 165 m.kr. hærri en fjárheimildir tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 388 m.kr. milli ára og voru jafnframt 212 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Þarna munar langmest um útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem aukast um 233 m.kr. milli ára og eru 267 m.kr. umfram heimildir sem skýrist að mestu með annarri greiðsludreifingu en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til umhverfisverndar eru 86 m.kr. hærri í ár en á sama tíma í fyrra en voru 173 m.kr. innan áætlana. Úrvinnslusjóður er 117 m.kr. innan heimilda en útgjöld hans aukast um 23

m.kr. milli ára. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 173 m.kr. og voru jafnframt 60 m.kr. undir heimildum tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála breyttust lítið á milli ára og voru í jafnvægi við heimildir. Óregluleg útgjöld drógust saman um 408 m.kr. milli ára en voru 306 m.kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárheimildum. Samdrátturinn milli ára skýrist að mestu með útgjöldum vegna Ríkisábyrgða. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 561 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir en á móti var greiddur fjármagnstekjuskattur ríkisins 255 m.kr. lægri en áætlað var.

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2010	2011	2012	2011	2012
Almenn opinber þjónusta	20,973	18,166	20,415	-13.4	12.4
þar af vaxtagreiðslur	14,134	11,409	13,437	-19.3	17.8
Varnarmál	313	293	156	-6.4	-46.9
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	3,369	2,914	3,302	-13.5	13.3
Efnahags- og atvinnumál	7,564	6,888	7,821	-8.9	13.5
Umhverfisvernd	375	571	657	52.3	15.1
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	105	33	32	-68.6	-3.2
Heilbrigðismál	17,572	17,479	18,657	-0.5	6.7
Menningar-, íþróttar- og trúmál	3,049	2,875	3,084	-5.7	7.3
Menntamál	11,240	9,602	11,916	-14.6	24.1
Almannatryggingar og velferðarmál	20,442	18,156	18,108	-11.2	-0.3
Óregluleg útgjöld	2,444	2,021	1,613	-17.3	-20.2
Gjöld alls	87,447	78,997	85,761	-9.7	8.6

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 3 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra nam lánsfjárfjöfnuðurinn 7,2 ma.kr.

Afborganir af lánnum ríkissjóðs námu 1,2 ma.kr. og voru vegna innlendra skulda.

Lántökur námu 34,5 ma.kr. í janúar og febrúar, þar af námu innlendar lántökur 18,9 ma.kr. Í febrúar voru gefin út verðtryggð ríkisbréf fyrir um 19,7 ma.kr. í tengslum við aðgerðir við losun gjaldeyrishafta en að auki hafa óverðtryggð ríkisbréf verið gefin út fyrir 8 ma.kr. Á móti lækkaði stofn ríkisvixla um 8,8 ma.kr. Frá áramótum nemur endurmat gjaldeyrisreikninga 15,6 ma.kr.